

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Við 14. tölul. 1. mgr. 11. gr. laganna bætist: Vestmannaeyjabær.

2. gr.

Við 15. tölul. 1. mgr. 12. gr. laganna bætist: og Vestmannaeyjabær.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er lagt fram í þeim tilgangi að gera nauðsynlegar breytingar á lögum nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, með síðari breytingum. Þau mistök urðu við setningu laganna að Vestmannaeyjabær er hvorki tilgreindur í ákvæði 11. gr. um skipan héraðslæknaumdæma sem ætlað er að ná yfir allt landið né í ákvæði 12. gr. um vakt-svæði dýralækna. Með frumvarpinu er lagt til að Vestmannaeyjabær heyri undir umdæmi héraðsdýralæknis í Suðurlandsumdæmi, sbr. 14. tölul. 1. mgr. 11. gr. laganna, en það er eðli-leg ráðstöfun miðað við legu Vestmannaeyja. Þá er einnig lagt til að vaktsvæði dýralæknis Árnassýslu nái yfir Vestmannaeyjabæ.